



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 92. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands þriðjudaginn 21. september 2010 kl. 15:00 í húsakynnum Háskóla Íslands, VRÍI.

Mætt: Jakob S. Friðriksson, formaður, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthiasson, Ragna Karlsdóttir og Sigurður M. Garðarsson. Boðuð forföll: Ásgeir Margeirsson.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Haustfundur JHFÍ 2010

Fundurinn verður tileinkaður störfum Kristjáns Sæmundssonar og honum jafnframt afhent heiðursfélagaskjal frá félaginu, en Kristján var erlendis þegar hann var kjörinn heiðursfélagi í JHFÍ á aðalfundi félagsins 14. apríl sl. Samorka gengur frá skjalinu. Rætt um dagskrána en RK mun leggja að henni drög í samstarfi við Ólaf G. Flóvenz og að höfðu samráði við Kristján. Allar frekari hugmyndir og ábendingar auðvitað velkomnar og stefnt á að dagskrá verði tilbúin og hægt að hefja kynningu á fundinum í októberlok. Stefnt á að halda haustfundinn í Hellisheiðarvirkjun þriðjudaginn 7. desember, kl. 13:30-16:30. JSF bókar fundarsalinn, en gert verður ráð fyrir kynningarferð um virkjunina í lok dagskrár.

3. Önnur mál

a. Styrkveitingar JHFÍ

Fram kom að annar styrkþeginn hefur þegar skilað inn reikningum fyrir hluta styrksins. JSF og GAS finna tíma til að ljósmynda styrkþegana og senda út tilkynningu.

b. Bréf til forsætisráðherra

Í framhaldi af umræðum á vorkundi JHFÍ sendi formaður félagsins bréf til forsætisráðherra þann 30. ágúst, þar sem félagið fer þess á leit við forsætisráðuneytið að það beiti sér fyrir samstarfi ýmissa aðila um endurskoðun og endurskipulagningu regluverks um rannsóknir og nýtingu á jarðhita, með því markmiði að ferlið verði gert betra, ódýrara, skilvirkara og einfaldara. Engin viðbrögð höfðu borist.

Næsti fundur ákveðinn 20. október kl. 15:00, í húsakynnum Landsvirkjunar.

Fundi slitið kl. 16:00. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
